


Jeffrey Archer

**FRÓÐI HF.** hefur gefið út bók freska stjórnmálamálsins og rit-höfundarins **Jeffrey Archer** og er í íslensku þýðingu **Björns Jónssonar**. Bókin nefnist **Ekki er allt sem sýnist**. Í kynningu útgefenda segir m.a.: „Jeffrey Archer þykir snillingur í því að nota þekktu atburði í sögum sínum og flétta óvænta atburðarás inn í þá. Þetta gerir hann óviðjafnanlega í þessari bók sem geymir tólf sögur sem allar halda lesendum í spennu og koma þeim sífellt á óvart.“ Ekki er allt sem sýnist er 187 bls. **Prentsmiðjan Oddi hf.** annaðist umbrot, filmvinnu, prentun og bókband. **Teikni-deild Fróða hf.** hannaði bókarkápu.

## VINKLAR Á TRÉ



**P. ÞORGRÍMSSON & CO**  
ÁRMÚLA 29, SÍMI 38640



**columbus**  
**GÓLFHREINIS-**  
**VÉLAR**

Columbus gólfægi-vélar spara tíma um leið og þær bæta hreinlæti og útlit.

Eigum vélar í ýmsum vinnslubreiddum og hraðastigum fyrir hvers konar gólfefni. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar.

**KJARAN**

Gólfbúnaður

• SÍÐUMÚLA 14 • SÍMI (91) 83022.

# Inúíta – andleg veröld

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson


Það er með sanni ekki oft sem hingað berast sýningar frá hinni heimspekku Smithsonian-stofnun í Washington, ef það hefur þá nokkru sinni átt sér stað.

En nú hefur það gerst, að í hluta austursalar Kjarvalsstaða hefur verið komið fyrir stórmerkri sýningu á munum úr menningarheimi Inúíta eða eskimóa frá Alaska og stendur hún til 2. desember.

Allir þeir, sem lesið hafa bækur Vilhjálms Stefánssonar, munu vita hversu merk og rótgróin menning eskimóa var, enda höfðu þeir lifað sínu lífi um árþúsundir áður en hvítir menn röskuðu því. Og svo sterk var menning þeirra, að svo virðist sem norræn menning hafi lítið haft í hana að segja, því að búseta norænna manna á Grænlandi beið algert skipbrot svo sem kunnugt er, en ástæðan verður vafalítið aldrei skýrð né skilin til hlítar, þótt renna megi grun í með hliðsjón af bókum Vilhjálms Stefánssonar, að aðdrif þeirra tengist menningarlegum lífsháttum, sem norrænir menn áttu erfitt með að laga sig að til lengdar einhverra hluta vegna.

Norrænir menn komu að sunnan, en Inúítar eru afkomendur hirðingja, er komu yfir heimskautssvæðin alla leið frá Mongólíu og rákust því hér á tvær ólíkar menningarheildir.

Það kemur fram í munum frumbyggja um allan heim, jafnt í köldum sem temperuðum beltum, að það sem við köllum list var þeim að segja má meðfætt og undirstaða andlegrar sem veraldlegrar menningar. Það er það, sem gaf lífi þeirra inntak. Menn voru ekki að fullu meðvitaðir um þessi atriði, þó þau væru þeim í blóð borin og í sinnin ofin, en hið aðgreinda hugtak „list“ í heimi hinna svonefndu menningarþjóða er tiltölulega ungt, svo sem margur veit, þannig er list í kjarna sínum eiginlega einungis það, sem nefna má líf og gerjun, sem er að sjálfsgöðu undirstaða allrar framþróunar í mannheimi. Þetta kemur mjög skýrt fram á sýning-




**Konur gerðu vatnsheldar flíkur úr innýflum sjávarspendýra. Eftir að innýflin höfðu verið hreinsuð, blésu þær þau upp og strekktu á þeim til að þurrka þau áður en þær skófu og mýktu til sauma. Bæði karlmenn og konur gengu í garnaregnklæðum, og veiðmenn voru oftast í þeim þegar þeir fóru út á skektum sínum. Í báðum þessum myndum kemur fram hin ríka formtilfinning Inúíta, sem minnir um margt á núlistir seinni tíma.**

unni á Kjarvalsstöðum, því að listrænar athafni Inúíta tengjast í einu og öllu lífi og áframhaldandi gerjun lífsins, jafnvel dauðinn er hluti lífs og framþróunar. Viðleitnin við að viðhalda lífi og dýrkun náttúrunnar kemur svo fagurlega fram í þessum munum og gerð þeirra tengist hinum margvíslegustu athöfnum í daglegu lífi, sem höfðu svo mikla þýðingu fyrir velldir heildarinnar.

Þetta er í algjörru andstöðu við rányrkju hinna „siðmenntaðri“ þjóða og takmarkalaus eftirsókn eftir gulli vegna gerviparfa, því að Inúítar sem aðrir frumbyggjar vissu, að allt líf væri háð eðlilegri hringrás náttúrunnar og því mætti ekki ganga of nærri forða hennar. Þess vegna var andi hvers dýrs sem þeir drápu heilagur og mikilvægt að friðmælast við hann, svo að hann kæmi aftur í nýju veiðidýri.

Það var einmitt þessi takmarkalaus og undursamlega virðing fyrir náttúrunni og sköpunarverkinu, sem öðru fremur gerði það að verkum, að þeir lifðu af. Trúarbrögð þeirra voru og samofin lífsháttunum og þannig einstaklega djúp og fögur. Því var það hið versta verk að kristna þetta fólk í stað þess að rannsaka ofan í kjölinn menningu, trúarbrögð og lífshætti þess. Við enga var Vilhjálmi Stefánssyni líka ver en trúboða og kom það kristinni trú í sjálfu sér minnst við, frekar djúpri virðingu fyrir lífi eskimóa og síðum þeirra.

Munirnir á sýningunni afhjúpa einstaklega djúpt formskyn, sem gefur einmitt til kynna yfirburði skynrænna kennda frumbyggjans, en hér hefur margt farið úrskeiðis og glatast í siðmenningunni svonefndu. En þessi atriði koma svo á nýjum tímum fram



**Þegar selurinn nálgast öndunarholuna í ísnum andar hann frá sér síðasta loftinu sem ris eins og loftbólur upp á yfirborðið. Þessa litlu undursamlegu grímu dansarar á enni sér. Þá er hægt að hugsa sér loftbólurnar sem nokkurs konar stiga eða áfanga upp til alheimsins.**

undir hugtakinu „listir“. Má vera skiljanlegt af hverju uppgangur þeirra er jafn mikill á dögum yfirbyrmandi tæknivæðingar, — en hér er að ræða eins konar mót-vægi og sjálfsvörn náttúrunnar og skynrænna kennda mannsins, svo sem örtölvufræðingar skilgreindu það fyrir meira en áratug.

Þetta er heillandi sýning og um leið er í henni heilmikill lærdómur um eðli lífsins og lífshætti Inúíta og því ættu sem flestir að leggja leið sína á Kjarvalsstaði því að hér er um einstæðan menningarviðburð að ræða.

Skólum skal og bent á, hve lærdómsríkt það er fyrir nemendur, að hafa þannig sjálfa menningu Inúíta í sjónmáli — engar kennslubækur geta komið í stað slíkrar lifunar.

# Með von í brjósti

## Bókmenntir

Súsanna Svavarsdóttir

**Friður, kærleikur, lækning**  
**Höfundur: Bernie Siegel**  
**Þýðandi: Helga Guðmundsdóttir**  
**Útgefandi: Forlagið**

Friður, kærleikur, lækning er önnur bókin um sjálfslækningar, eftir dr. Bernie Siegel, sem út kemur á íslensku. Fyrri bókin, Kærleikur, lækningar, kraftaverk, vakti umtalsverða athygli þegar hún kom út og án efa hefur hún hjálpað mörgum sem hafa átt um sárt að binda.

Að þessu sinni fjallar Siegel um samskipti líkama og sálar og fjallar um leiðina til sjálfslækningar. Sem kunnugt er, er dr. Siegel skurðlæknir og í umfjöllun sinni, tekur hann fjöldann allan af eigin sjúklíngum sem dæmi um það hversu mikil áhrif maðurinn getur haft á gang sjúkdóms síns með jákvæðri hugsun í eigin garð. Jákvæðri hugsun um eigin líkama og sjúkdóm sinn.

Í Friður, kærleikur, lækning er dr. Siegel eingöngu að fjalla um sjúklíngal sem haldnir eru þannig um sjúkdómum — hvernig þeir geti hindrað þróun hans, eða þá kosið að deyja. Skurðlæknir, hafa ekki allir verið sáttir við vinnuáferðir hans á undanföllum árum, þar sem þær

eru vægast sagt óhefðbundnar. Hann býr sjúklíngum sína vel undir það sem koma skal. Ræðir við þá um jákvætt viðhorf — ræður með þeim í drauma og lætur þá teikna. Allt er þetta gert til að ná fram ástæðunni fyrir sjúkdómnum og er byggt að þeirri trú, að maðurinn geti hreinlega ráðið því sjálfur hvenær hann deyr. Sjúkdómurinn þrói hann aðeins með sér til að komast burt.

Þegar Siegel talar um jákvætt viðhorf sjúklíngs til sjúkdóms er hann að segja að með því að líta á sjúkdóminn sem reynslu á leið sjúklíngsins til þroska, geti sjúklíngurinn læknað sig sjálfur. Hann bendir á, að þrátt fyrir skurðaðgerðir, lyfjagjafir, geislameðferðir og fleira — sé það ekki tryggt að sjúklíngurinn nái bata. Til þess þurfi annað og meira að koma til. Þessar hefðbundnu læknaáferðir — en til að fjarlægja meinsemdir — sé ef sjúklíngurinn sjálfur vill ekki lifa, taki þær sig upp aftur um leið og hann látist á örskömmum tíma. Dr. Siegel rekur fjöldamörg tilfelli um sjúklíngal sem áttu ekki að lifa af sjúkdóma sína, samkvæmt tölfræðilegum staðreyndum, en gerðu það samt — einfaldlega vegna þess að þeir eignuðust von og trú.

Dr. Siegel hefur hörd orð um lækna sem halda að tæknin ein geti ráðið úrslitum um aðdrif sjúklíngs — og um þá lækna sem vilja ekki heyrna minnst á þessar óhefðbundnu aðferðir við að láta sjúklíngal ná bata; lækna sem ekki vilja heyrna minnst á það að allir sjúkdómar séu af sálraðnum tog. Hann sýnir í fjölmörgum dæmum fram á samband sálar og líkama og hvernig hægt er að hjálpa sjúklíngi með því að leiða honum þetta samband fyrir sjónir.

Í þriðja kafla bókarinnar, sem dr. Siegel nefnir „Samskipti við líkamann“, fjallar dr. Siegel um það vald sem lækna hafa; orð þeirra geti nánast ráðið úrslitum um það hvernig sjúklíngi vegnar eftir aðgerð. Læknir sem ekki gefur sjúklíngi sínum von, sé að senda hann beint í dauðann. Flestir sjúklíngar taki mikið mark á læknum sínum og ef læknirinn gefi trú og von, sé það sjúklíngnum hvatning.

Dr. Siegel greinir um leið frá sjúklíngum sem ákváðu að leggja ekki hlustir við dauðadóm sínum og rekur sérstaklega sögu Edwards nokkurs, sem fann upp aðferð til að mæta neikvæðri afstöðu lækna og hjúkrunarfólks sem það var stöðugt að láta hann finna. Edward var með sjaldgæfa tegund krabbameins, og honum hafði verið sagt að hann mundi deyja eftir þrjá til tólf mánuði. Hjúkrunarfólk og læknar gerðu ekkert til að telja í hann kjark og hann taldist hæfur

til að taka þátt í tilraunamedferð með frumudrepani lyfjum. Edward þessi festi, sér til varnar, upp á vegg á sjúkrahúsi sínu „Játningar Edwards“, þar sem hann skrifaði niður veruleikann í sambandi við sjúkdóminn, sem enduðu á svohljóðandi klausu: „Ég ber von í brjósti. Gerðu ekkert til að yta undir það að svartu sýni eða biturleiki komi í hennar stað, því að það dregur óhjákvæmilega úr vellíðan minni og gerir ástand mitt verra.“ Að sjálfsgöðu var plagg þessu beint til allra lækna sem um hann önnuðust.

En dr. Siegel er ekki að tala um að forðast dauðann. Auðvitað er hann það sem koma skal hjá okkur öllum. Hann er einfaldlega að rita hér bók um það að fólk sé ekki að leita hans, löngu áður en það er tímabært. En þegar kallið komi, eigi fólk að fá að deyja með reisi og ekki er það síst mikilvægt framlag í bók hans að hann leggur áherslu á að fólk horfist í augu við dauða sinn og taki honum eins og góðum gesti. Dauðinn er engin mistök.

Þetta er fallet bók og upörvandi og skilið að liggja í hverri skúffu á sjúkrahúsum — ekki síður en Nýja testamentið. Þótt dr. Siegel virki stundum væminn á okkur, sem enn höfum verið svo heppin að sneiða framhjá alvarlegum sjúkdómum, verð ég að segja, að gefin vildi ég eiga hann að — ef heilsugæfan snerist gegn mér. Þýðingin er þjál og vel unnin og framsetning skýr. Þessi bók ætti ekki að veifast fyrir þeim sem þarf á henni að halda.